

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 7. apríl 2022

Mál nr. E-703/2021:

Annata ehf.

(Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður)

gegn

Sigurði G. Hilmarssyni

(Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 17. mars 2021 og dómtekið 11. mars 2022.

Stefnandi er Annata ehf., kt. 000000-0000, [...].

Stefndi er Sigurður G. Hilmarsson, kt. 000000-0000, [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum 31.396.392 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 10.465.464 krónum frá 30. apríl 2019 til 31. maí 2019, en af 20.930.928 krónum frá þeim degi til 30. júní 2019, en af 31.396.392 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins, að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Stefndi hóf störf hjá stefnanda í byrjun árs 2016, sem framkvæmdarstjóri yfir starfsemi stefnanda hér á landi og við uppbyggingu á svonefndum CMR hluta Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausnum. Ráðning stefnda kom í framhaldi þess að stefnandi hafði keypt félag stefnda, xRM Software, á [...] króna, en það félag hafði sérhæft sig í fyrnefndum CMR lausnum, og var tilgangur stefnanda með kaupunum að komast yfir þá þekkingu, breikka og stækka möguleika sína á því sviði, auk þess að viðhalda og byggja upp viðskiptasambönd.

Með endurnýjuðum ráðningarsamningi, dags. 30. janúar 2017, var stefndi ráðinn sem forstjóri yfir allri starfsemi stefnanda á alþjóðavísu, en var síðan sagt upp störfum 28. desember sama ár.

Eftir uppsögn stefnda gerðu aðilar málsins með sér starfslokasamning, dags. 15. janúar 2018, og viðauka við hann 29. júní 2018. Samkvæmt samkomulaginu skyldi stefnandi greiða stefnda laun á uppsagnarfresti til og með 30. júní 2018, auk þess sem hann héldi á sama tíma farsíma, bifreið og bifreiðahlunnindum, án vinnuskyldu, en heimilt væri þó að kalla stefnda til vinnu á sama tíma. Skyldur stefnda skv. samkomulaginu, er vörðuðu samkeppni, voru einkum eftirfarandi:

2.7 Í samræmi við ákvæði 7.1 í ráðningarsamningnum skal starfsmaðurinn ekki í tólf mánuði frá 30. júní 2018 gera eftirfarandi:

2.7.1 Hvetja eða stuðla að því, beint eða óbeint, að viðskiptavinir, samstarfsaðilar, starfsmenn eða sjálfsstæðir verktakar breyti eða hætti ráðningarsambandinu, samningssambandinu eða annars konar viðskiptasambandi við félagið, dótturfélag þess eða arftaka þeirra.

2.7.2. Hefja eða iðka starfsemi sem getur skaðað samkeppnisstöðu félagsins þar með talið með þátttöku í þróun á sambærilegum hugbúnaðarlausnum og félagið stundar þróun á.

2.7.3 Ráða sig til starfa, veita ráðgjöf, sitja í stjórn eða tengjast með öðrum viðskiptalegum hætti viðskiptavini eð samstarfsaðila félagsins.

2.7.4. Brjóti starfsmaðurinn gegn grein 2.7 skal starfsmaðurinn greiða félaginu ígildi sex mánaðarlauna skv. ráðningarsamningnum fyrir hvert 30 daga tímabil sem brotin standa yfir. Þrátt fyrir framangreint, áskilur félagið sér rétt til að krefja fullra skaðabóta fyrir brot.

2.9 Starfsmaðurinn lýsir því yfir og skuldbindur sig til að gæta fyllsta trúnaðar um öll málefni félagsins og tengdra félaga og starfsmenn þeirra, þar með talið hugverkaréttindi, hagi, viðskiptavini, tæknileg atriði, eignir, þróun, uppfinningar, vörur og þjónustu félagsins, án þess að framangreind upptalning sé tæmandi. Framangreind þagnarskylda varir um ókomna tíð.

Þann 1. apríl 2019 var einkahlutafélagið Arango ehf. stofnað, með gerð samþykktu og tilkynningar til Skattsins. Tilgangur félagsins er sagður hugbúnaðarráðgjöf og þjónusta, hugbúnaðargerð, rekstur fasteigna, lánastarfsemi, svo og annar skyldur rekstur. Stofnandi félagsins var Lastik ehf., sem þá var í meirihlutaeigu stefnda. Ekki er ágreiningur um eignarhaldið og fyrir liggur að stefndi er framkvæmdarstjóri félagsins auk þess að sitja í stjórn þess. Þá er ekki ágreiningur um að starfsemi Arango ehf. snýr einkum að ráðgjöf og þjónustu hér á landi á sviði CMR hluta Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausna.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi gegnt lykilstöðu hjá Annata og verið í beinu sambandi við viðskiptamenn stefnanda, og borið ríka trúnaðarskyldu. Samkvæmt reglum vinnuréttarins haldist sú trúnaðarskylda að öllu leyti meðan á uppsagnarfresti standi, sem skv. gr. 2.6 í ráðningarsamningi hafi verið sex mánuðir. Stefnandi byggir á því að með starfslokasamningi aðila, hafi stefnda verið færð réttindi umfram ráðningarsamning fyrir nær ekkert vinnuframlag og stefndi hafi borið framangreinda skyldur til 30. júní 2019. Með því samkomulagi hafi stefndi undirgengist samkeppnisbann í tólf mánuði frá 30. júní 2018, sbr. gr. 2.7 - 2.7.3 í starfslokasamningi, að viðlögðu févítí, sbr. gr. 2.7.4. Í samkomulaginu hafi og verið áréttáðar trúnaðarskyldur, sbr. gr. 2.9, sem giltu um réttarsamband aðila, rétt eins og ákvæði þar að lútandi í ráðningarsamningi, sem skv. reglum vinnuréttarins haldi gildi eftir að vinnuréttarsambandi ljúki. Þessar skyldur hafi verið til þess fallnar að vernda rekstrarhagsmuni stefnanda, sem hafi goldið fyrir dýru verði, eða [...] krónum á mánuði, auk hlunninda að fjárhæð [...] krónur fyrir tímabilið 1. janúar 2018 – 30. júní 2018.

Á því sé byggt af hálfu stefnanda að stefndi hafi brotið ákvæðið um samkeppnishömlur skv. starfslokasamkomulaginu, sbr. gr. 2.7-2.7.3 og skráð ákvæði í ráðningar- og starfslokasamningi, sem varði trúnaðarskyldur auk óskráðra trúnaðarskyldna vinnuréttarins. Jafnframt hafi stefndi lagt launung á brotin. Með brotunum hafi stefndi bakað sér bótaskyldu í samræmi við févítisákvæði gr. 2.7.4 í starfslokasamningi aðila sem kveði á um það að fyrir hverja 30 daga sem brot standi yfir, greiði stefndi sexföld mánaðarlaun.

Stefnandi bendir á að brot stefnda lúti einkum að stofnun, rekstri, framkvæmdastjórn og stjórnarsetu í félaginu Arango ehf., en þær athafnir gangi í berhöggt við þær skyldur sem raktar séu í greinum 2.7.1.-2.7.3 í starfslokasamningi aðila og hafi auk þess verið ósamrýmanlegar skráðum sem óskráðum trúnaðarskyldum sem stefndi bar gagnvart stefnanda allt til loka júnímánaðar 2019, sbr. gr. 2.7 í starfslokasamkomulagi.

Um framangreind brot stefnda sé einkum vísað til þess sem þegar sé rakið um að stefndi hafi stofnað félagið Arango ehf. þann 1. apríl 2019 gegnum ráðandi eignarhald sitt í Lastik ehf. og hafi gegnt þar stjórnunarstöðu. Í þessu sambandi athugast einnig að stefnandi, í gegnum félag sitt Arango ehf., hafi beinlínis lýst því yfir að hafa, frá því vorið 2019, staðið að því að innleiða nýtt sölukerfi fyrir starfsemi Nox Medical í

Bandaríkjunum, en kerfið byggist á Microsoft Dynamics 365 og hafi formlega verið tekið í notkun 1. október 2019. Brot stefnda hafi því hafist eigi síðar en 1. apríl 2019. Með þessu hafi stefndi hrundið í framkvæmd áformum sem verið höfðu í burðarliðnum löngu áður en til þeirra hafi komið. Þótt stefnandi miði kröfur sínar við þá skjallegu slóð sem stefndi hafi skilið eftir sig í tengslum við stofnun félagsins 1. apríl 2019 og framangreinda hugbúnaðarlausn, sem reynst hafi unnt að rekja á þessu stigi og varpað hafi verið ljósi á, sé ljóst að undirbúningur sem að þessu laut hafi staðið yfir frá því á fyrra tímamarki.

Brot stefnda verði að setja í samhengi við þær skyldur sem hann hafi undirgengist, sbr. gr. 2.9 og 2.7 í starfslokasamningi. Vísast þar einkum til þess að með gr. 2.7.2 hafi stefndi skuldbundið sig til þess að hefja hvorki né iðka starfsemi sem gæti skaðað samkeppnisstöðu stefnanda, þar með talið með þátttöku í þróun á sambærilegum hugbúnaðarlausnum og félagið hafi stundað þróun á. Með gr. 2.7.1 í starfslokasamningi hafi stefndi lofað að stuðla ekki að eða hvetja til þess að viðskiptavinir, samstarfsaðilar, starfsmenn eða sjálfstæðir verktakar myndu breyta eða hætta ráðningarsambandi, samningssambandi eða annars konar viðskiptasambandi við stefnanda.

Stefnandi leggi áherslu á að með stofnun Arango ehf. hafi stefndi gengið svo langt að stofna félag og hefja rekstur, sem starfi ekki aðeins á sama sviði og stefnandi heldur sé í beinni samkeppni við stefnanda. Í því sambandi sé áréttað að starfsemi stefnanda lúti einkum að þróun, ráðgjöf og þjónustu á lausnum byggðum á Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausnum. Starfsemi Arango ehf. lúti svo að hinu sama. Um það vísist ekki aðeins til skilgreinds tilgangs félagsins og stefnanda, heldur einkum þess að þjónusta Arango ehf. hafi frá stofnun lotið að ráðgjöf og þjónustu á sviði Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausna þar sem séu hannaðar, seldar og þjónustaðar viðbótarlausnir við Microsoft Dynamics. Lúti starfsemin þannig að nákvæmlega sömu þjónustu og stefnandi sérhæfi sig í og veiti. Háttsemi stefnda sé í hróplegri andstöðu við skyldur skv. gr. 2.7.1, gr. 2.7.2 og þær sem að öðru leyti leiði af starfslokasamkomulaginu, sbr. m.a. gr. 2.9 og almennar reglur.

Varðandi framangreint skuli einnig á það bent að stefndi hafi gert sér far um að falast eftir starfsmanni stefnanda, A, til vinnu í sína þágu hjá Arango ehf. og hafi selt honum hlut í félaginu, sem hafi verið andstætt gr. 2.7.1 og 2.7.3 í starfslokasamkomulagi.

Stefnandi bendir einnig á að á grundvelli óskráðra trúnaðarskyldna í vinnuréttarsambandi sé starfsmanni óheimilt að standa að undirbúningi eða stofnun samkeppnisrekstrar á uppsagnarfresti. Um stefnda hafi ekki aðeins gilt þær reglur, heldur

líka gr. 2.7.2 í starfslokasamningi, en með henni hafi stefndi undirgengist, í tólf mánuði frá 30. júní 2018, þá skyldu að hefja ekki eða iðka starfsemi sem gæti skaðað samkeppnisstöðu stefnanda, þar með talið með þátttöku í þróun á sambærilegum hugbúnaðarlausnum og stefnandi stundi þróun á. Vart sé hægt að hugsa sér skýrara brot á þessu en að stofna félag sem hafi með höndum samskonar tilgang og rekstur og stefnandi, starfi á sama markaði og veiti sams konar þjónustu.

Að mati stefnanda sé brotið enn augljósara þegar litið sé til þess að starfslokasamningurinn gangi lengra en óskráðar reglur vinnuréttarins hvað skyldur á hendur stefnda varðar. Stefndi hafi því ekki getað búið við öðru en að ráðstafanir hans væru með öllu óheimilar, og að með þeim myndi hann baka sér skyldu til greiðslu fébóta skv. févítisákvæði starfslokasamnings.

Auk þess sem að framan greinir byggir stefnandi á því að háttsemi stefnda brjóti í bága við 16. gr. c í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Telur stefnandi ljóst að í aðdraganda stofnunar Arango ehf. og í kjölfarið hafi stefndi hagnýtt sér upplýsingar um hugbúnaðarlausnir og önnur atvinnuleyndarmál úr starfi sínu hjá stefnanda í þágu eigin samkeppnisrekstrar. Þetta hafi stefndi gert þrátt fyrir að blátt bann sé lagt við slíku í þrjú ár frá starfslokum í nefndu ákvæði laga nr. 57/2005. Brotið leiði til bótaskyldu af hálfu stefnda skv. almennum reglum, sbr. 25. gr. b í lögnum. Renni þetta enn frekari stoðum undir það að stefndi hafi gerst brotlegur við þau ákvæði sem þegar sé vísað til og aðilum samdist um.

Sem fyrr segi hafi stefndi undirgengist og brotið skyldur er lúti að samkeppnishömlum skv. gr. 2.7, sbr. gr. 2.7.1 – 2.7.3, á tímabilinu frá 30. júní 2018 – 30. júní 2019. Aðilar hafi samið með skýrum hætti um að ef stefndi myndi brjóta þessa skyldur myndi hann greiða stefnanda sexföld mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi, vegna hverra 30 daga sem brot myndu standa yfir. Í ráðningarsamningi sé um launakjör vísað til viðauka við samninginn þar sem m.a. sé vísað til mánaðarlegra greiðslna sem hafi numið [...] krónum, og nánar tilgreindra hlunninda. Í samræmi við umsamin kjör hafi stefndi fengið greiddar [...] krónur fyrir hvern mánuð auk hlunninda að fjárhæð 244.244 krónur, eða samtals [...] krónur fyrir hvern mánuð. Brot stefnda hafi staðið samfleytt frá 1. apríl 2019 til 30. júní 2019, eða í samtals 90 daga. Í samræmi við það og ákvæði 2.7.4 í starfslokasamningi aðila geri stefnandi kröfu um greiðslu á 31.396.392 krónum úr hendi stefnda [...].

Stefnandi miðar við að krafa um bætur skv. févítí samnings aðila hafi gjaldfallið í hvert skipti þegar 30 dagar voru liðnir frá því að brot hófust. Sé því krafist dráttarvaxta af 10.465.464 krónum frá 30. apríl 2019, af 20.930.928 krónum frá 31. maí 2019 og af 31.396.392 krónum frá 30. júní 2019.

Um lagarök vísar stefnandi til þess sem þegar sé rakið, reglna vinnuréttarins, ákvæða laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og reglna um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Krafan um dráttarvexti byggist á ákvæðum vaxtalaga nr. 38/2001, sbr. III. kafla laganna, einkum 1. mgr. 6. greinar. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 131. grein.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að hann hafi ekki brotið gegn því samkeppnisbanni sem fram komi í grein 2.7 í starfslokasamningi, sbr. einnig í 7. gr. ráðningarsamningsins. Sé vísað til þess að sú starfsemi sem félagið Arango ehf. sinni falli ekki undir ákvæðið, sem og að starfsemin hafi ekki hafist fyrr en eftir að tímalengd samkeppnisbannsins hafði runnið sitt skeið á enda. Þótt félagið Arango ehf. hafi verið stofnað í apríl 2019 þá hafi það ekki hafið starfsemi fyrr en síðar eða sumarið 2019 þegar samkeppnisbann starfslokasamnings stefnanda og stefnda hafði runnið sitt skeið á enda. Frá apríl 2019 til þess tíma hafi eingöngu staðið yfir undirbúningur að starfsemi félagsins, og falli slíkt ekki undir ákvæði greina 2.7.1 eða 2.7.2 í starfslokasamningnum.

Á bls. 4 í stefnu komi fram að stefnandi hafi staðið að innleiðingu nýs sölukerfis fyrir Nox Medical í Bandaríkjunum frá vori 2019. Sú framsetning sé röng og villandi. Hið rétta sé að félagið Merit ehf. hafði unnið fyrir Nox Medical frá vori 2019 en eigendur þess félags hafi komið inn í Arango ehf. í júní 2019. Í stefnu sé engin grein gerð fyrir öðrum meintum viðskiptum sem Arango ehf. eigi að hafa tekið að sér til 1. júlí 2019 er samkeppnisbannið rann út. Ótvírætt sé að það sé stefnandi sem beri sönnunarbyrði fyrir því að stefndi hafi með einhverjum hætti brotið gegn samkeppnisbanninu. Sú sönnun þurfi að vera skýr og ótvíræð, þ.e. nákvæmlega sé lýst í hverju hið meinta brot stefnda gagnvart samningsskyldum hans hafi verið fólgið og hvernig á rétti stefnanda hafi verið brotið. Ekkert liggi fyrir um slíkt í málinu og sé fullyrðing stefnanda þannig með öllu ósönnuð.

Þá sé jafnframt á því byggt að starfsemi Arango ehf. brjóti ekki gegn samkeppnisbanninu. Vísað sé til þess að Microsoft Dynamics viðskiptalausnir sé afar stórt lausnasvið og séu um eða yfir 80% stórra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi sem noti einhverjar lausnir innan þess sviðs og nær öll hugbúnaðarfyrirtæki á landinu sérhæfi sig með einhverju móti í þeim lausnum. Sú túlkun sem stefnandi leggi í ákvæðið myndi því koma í veg fyrir að stefndi gæti unnið á því sviði sem hann hafi sérhæft sig á. Sú túlkun sé allt of víðtæk. Er enda sérstaklega áskilið í grein 2.7.2 að starfsemin geti „skaðað samkeppnisstöðu“ stefnanda. Það sé því ekki nægjanlegt að vísa til þess að stefndi hafi hafið starfsemi heldur þurfi stefnandi að sýna fram á að sú starfsemi hafi skaðað samkeppnisstöðu stefnanda á því tímabili sem um ræði. Ekkert liggur fyrir um slíkt.

Stefndi bendir á að starfsemi Arango ehf. sé á sviði svokallaðra CRM lausna sem sé kerfi sem haldi utan um samskipti við viðskiptavinum. Þá markaðssetji Arango ehf. sig til innlendra aðila, sem séu þeirra helstu viðskiptavinir. Á hinn bóginn markaðssetji stefnandi sig til erlendra bíla- og tækjaframleiðenda og selji auk þess annars konar viðskiptalausnir, þótt þær séu einnig á sviði Microsoft Dynamics. Nánar tiltekið sé helsti tekjugrundvöllur stefnanda fjárhagskerfið Dynamics 365 en engin þekking eða áhersla sé á slíkt hjá Arango ehf. Skörun viðskipta stefnanda við Arango ehf. sé þannig engin. Arango ehf. hafi aldrei á tímabili samkeppnisbannsins innt af hendi neina þjónustu fyrir viðskiptavinum stefnanda, aðila sem starfa á því sviði sem stefnandi sérhæfi sig í, né hafi Arango ehf. veitt þjónustu á því sviði sem stefnandi sérhæfi sig í. Hvorki stefndi né félagið Arango ehf. hafi því á nokkurn hátt skaðað samkeppnisstöðu stefnanda. Áréttað sé að sönnunarbyrði um slík brot hvíli á stefnanda.

Stefndi vísar til þess að túlka beri gildissviðs ákvæðisins stefnda í hag og þar með stefnanda í óhag, enda hafi samningurinn verið saminn einhliða af stefnanda og verði hann að bera hallann af því að hafa ekki tilgreint með nákvæmum hætti hvaða starfsemi væri óheimil á grundvelli ákvæðisins. Af orðalagi ákvæðis greinar 2.7.2 í starfslokasamningi sé ljóst að samkeppnisbannið taki eingöngu til starfsemi sem skaði samkeppnisstöðu stefnanda. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að starfsemi Arango ehf. geri það. Þá sé því jafnframt mótmælt að sá hugbúnaður sem Arango ehf. þróaði, feli í sér „þróun á sambærilegum hugbúnaðarlausnum og [stefnandi] stundar þróun á.“ Áður sé það rakið að hugbúnaðarþróun Arango ehf. taki til annarra lausna en þeirra sem stefnandi bjóði. Ef ætlunin hefði verið að samkeppnisbannið myndi taka til

allra Microsoft hugbúnaðarlausna hefði stefnanda verið í lófa lagið að taka slíkt fram í samningnum. Slíkt samkeppnisbann myndi auk þess vera allt of víðtækt, sbr. 36. og 37. gr. samningalaga nr. 7/1936. Að lokum hafi Arango ehf. ekki verið með neitt lausnaframboð á árinu 2019 heldur hafi hugbúnaðarþróun félagsins ekki hafist fyrr en árið 2020. Því sé hafnað að brotið hafi verið gegn ákvæðinu með ráðningu og sölu á hlut í Arango ehf. til A. Hið rétta sé að A hafði ekki verið starfsmaður stefnanda í 15 mánuði þegar hann hafi verið ráðinn til Arango ehf. en hann hafi lokið störfum hjá stefnanda í mars 2018, og þá hafi hann stofnað og hafið störf hjá Merit ehf., og svo komið inn í Arango ehf. í júní 2019.

Því sé einnig alfarið hafnað að stefndi hafi brotið gegn 16. gr. c í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Stefndi mótmælir því alfarið að hafa hagnýtt sér upplýsingar um hugbúnaðarlausnir og önnur atvinnuleyndarmál úr starfi sínu hjá stefnanda. Sé það bæði rangt og ósannað. Allt að einu sé tjón af þeim sökum vanreifað, enda byggist krafan eingöngu á févítisákvæði í starfslokasamningi og engin tilraun sé gerð til að sýna fram á meint tjón stefnanda.

Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. samningalaga nr. 7/1936 sé skuldbinding starfsmanns um samkeppnisbann í ráðningarsamningi ógild ef honum er sagt upp stöðunni sem óumdeilt er að átti sér stað í tilviki stefnda. Byggt sé á því að það sama eigi við um slíka skuldbindingu í starfslokasamningi. Beri því að ógilda samkeppnisbannið á grundvelli ákvæðisins.

Einnig sé á því byggt að skuldbinding stefnda samkvæmt grein 2.7. í starfslokasamningi sé ógild á grundvelli 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Með starfslokasamningnum hafi stefnda ekki verið færð önnur eða betri réttindi en þau sem honum voru tryggð í ráðningarsamningi. Stefndi hafi hins vegar undirgengist samkeppnisbannið í þeirri röngu trú að slík skuldbinding í ráðningarsamningi væri gild ef honum yrði sagt upp störfum. Starfslokasamningurinn hafi þannig falið í sér verri rétt fyrir stefnda en leiða megi af almennum reglum, og hafi hann samþykkt ákvæðið um samkeppnisbann í þeirri röngu trú að slíkt ákvæði í ráðningarsamningi hans ætti við um starfslokin. Samningurinn sé því ósanngjarn og óheiðarlegt af hálfu stefnanda að bera ákvæði hans um samkeppnisbann fyrir sig.

Við mat á beitingu 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 beri skv. 2. mgr. ákvæðisins að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Efni samningsins feli í sér takmörkun á atvinnufrelsi stefnda, sem

jafnframt sé varið af stjórnarskrá, og sé fjárhæð févítis verulega há og í engu samræmi við meint tjón stefnanda. Stefnandi hafði yfirburðastöðu við samningsgerðina, samningurinn hafi verið saminn einhliða af honum og stefndi ekki notið sérfræðiráðgjafar við gerð samningsins. Við samningsgerðina hafi stefndi talið að samningurinn fæli í sér áréttingu á ákvæðum ráðningarsamningsins sem gilda ættu við starfslok en ekki gert sér grein fyrir því að skuldbinding hans um samkeppnisbann hafi verið ógild sökum þess að honum hafði verið sagt upp störfum. Stefnandi hafi notið lögfræðipjónustu við gerð starfslokasamningsins og samningurinn verið útbúinn af lögmanni félagsins. Vegna lögfræðipækkingar sinnar vissi hann að 2. mgr. 37.gr. samningalaga nr. 7/1936 girti fyrir að samkeppnisbann í ráðningarsamningi héldi vegna uppsagnar stefnanda á þeim samningi og því hafi það verið óheiðarlegt af stefnanda að kveða á um samkeppnisbann í starfslokasamningnum án þess að gætt væri að hagsmunum stefnda í því sambandi eins og með auknum greiðslum umfram það sem ráðningarsamningurinn hafi kveðið á um. Í þessu sambandi verði lagaþekking fulltrúa stefnanda fullkomlega heimfærð á stefnanda sjálfan. Sjáist enda trauðla af hverju í raun sé verið að gera starfslokasamning, sem átti að endurspeglar ákvæði ráðningarsamningsins, nema fyrir þá staðreynd að stefnandi hafi í grandsemi freistað þess að raska réttarstöðu stefnda við starfslokin með framangreindum hætti.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda sé gerð krafa um að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Gerð sé krafa um að fjárhæð févítis skv. gr. 2.7.4 verði lækkuð verulega á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, enda fjárhæð þessi ósanngjörn, sbr. einnig fyrri umfjöllun. Þá sé því einnig mótmælt að meint brot stefnda hafi hafist þann 1. apríl 2019. Eins og fram hafi komið hófst engin starfsemi þá önnur en sú að félagið var stofnað, því settar samþykktir og þar fram eftir götunum. Í því felist ekkert brot gegn hinu umdeilda samkeppnisbanni. Stefnanda beri að sanna að stefndi hafi brotið gegn meintum skyldum sínum og tímalengd hins meinta brots geti eingöngu náð yfir það tímamark sem sönnun nái til.

Stefndi vísar til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda samninga, sbr. sérstaklega 33., 36. og 37.gr. laganna. Um málskostnað vísar stefndi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri þannig nauðsyn til að fá dóm fyrir þeim skatti úr hendi stefnanda m.t.t. skaðleysissjónarmiða.

Forsendur og niðurstaða:

Í ráðningarsamningi stefnda, og síðar í starfslokasamningi, eru þrjú sérgreind ákvæði um skyldur stefnda gagnvart stefnanda til varnar samkeppni eftir starfslok, sbr. ákvæði 2.7.1 – 2.7.3 í starfslokasamningi, og nánar getur um í málsatvikum. Samkvæmt ákvæði 2.7 var stefndi skuldbundinn nefndum skyldum til 30. júní 2019, og brot gegn þeim, gæti varðað greiðslu- og/eða skaðabótaskyldu, sbr. ákvæði 2.7.4 í starfslokasamningi. Þá er í ákvæði 2.9 í starfslokasamningi getið um trúnaðar- og þagnarskyldu stefnda um öll málefni stefnanda um ókomna tíð.

Ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi hvatt til eða stuðlað að því að viðskiptavinir, starfsmenn eða aðrir breyttu eða hættu viðskipta- eða ráðningarsambandi sínu við stefnanda. Með engum hætti er rökstutt hvernig stefndi hafi gert sér far um að falast eftir nafngreindum starfsmanni stefnanda til að vinna í sína þágu, eins og vikið er að í stefnu. Ekki var reynt að hrekja skýringu stefnda um tilkomu þriggja fyrrverandi starfsmanna stefnanda til Arango ehf. í gegnum félagið Merit ehf., þar á meðal umræddan starfsmann. Þótt þeir starfsmenn séu nú að hluta til eigendur að Lastik ehf., sem aftur er eigandi Arango ehf., var með engum hætti bent á hvernig þeir starfsmenn gætu fallið undir nefnd samkeppnisákvæði eða hvort þeir væru með öðrum hætti skuldbundnir stefnanda. Þá hefur stefnandi ekki vísað til neins viðskiptavinar síns, sem hafi fært viðskipti sín til Arango ehf., og ljóst þykir að félagið Nox Medical hafi ekki verið viðskiptavinur stefnanda. Er því ósannað að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 2.7.1 og 2.7.3 í starfslokasamningi.

Ágreiningur málsins snýr einkum að ákvæði 2.7.2 í starfslokasamningi, þ.e. hvort stefndi hafi hafið eða iðkað starfsemi sem geti skaðað samkeppnisstöðu stefnanda, þar með talið þátttöku og þróun á sambærilegum hugbúnaðarlausnum og stefnandi stundi þróun á. Þá kemur til skoðunar hvort stefndi hafi brotið gegn trúnaðar- og þagnarskyldum í starfslokasamningi og/eða óskráðum trúnaðarskyldum vinnuréttarins, og hvort háttsemi stefnda brjóti gegn ákvæðum 16. gr. c í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Óumdeilt er að 1. apríl 2019 var félagið Arango ehf. stofnað af félaginu Lastik ehf., sem þá var í meirihlutaeigu stefnda. Jafnframt því að vera framkvæmdarstjóri Arango ehf. hefur stefndi setið í stjórn þess félags. Þá er óumdeilt að starfsemi Arango ehf. er á sviði CRM lausna, þ.e. sambærilegra lausna og stefnandi stundi að einhverju leyti þróun á, eftir að hafa keypt félag stefnda, xRM Software, í lok árs 2015.

Upplýst er í málinu að mikill fjöldi aðila vinni að því hér á landi að þróa lausnir byggðar á CRM, sem byggist á Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausnum, gegn því að fá leyfi hjá Microsoft. Starfsemi sem byggist á þeim hugbúnaðarlausnum, brýtur ekki sjálfkrafa gegn rétti stefnanda, enda er hann ekki eigandi þeirra.

Stefnandi byggir á því að með stofnun félagsins Arango ehf., hafi stefndi hafið starfsemi í skilningi ákvæðis 2.7.2 og frekari sönnun þess komi fram í tilkynningu á heimasíðu Arango ehf. frá 17. október 2019, þar sem vitnað sé til þess að félagið hafi frá vorinu 2019 unnið með félaginu Nox Medical að innleiðingu sölukerfis, byggt á Microsoft Dynamics 365. Stefnandi telur að þar sem þessar sannanir liggi fyrir sé það stefnda að sanna að ekki hafi verið hafin starfsemi í andstöðu við ákvæði 2.7.2 og í raun geri starfslokasamningur aðila ráð fyrir því að sönnunarbyrði þessa sé varpað yfir á stefnda.

Stefndi vísar til þess, um það sem fram komi á heimasíðu Arango ehf., að Nox Medical hafi upphaflega verið viðskiptavinur Merit ehf. fram að því að það félag var lagt niður eftir að eigendur þess urðu eigendur að Lastik ehf. og við það urðu þeir starfsmenn Arango ehf., í júní 2019. Þessi málsástæða stefnda hefur ekki verið hrakin, og verður af því ekki fullyrt að starfsemi hafi hafist í Arango ehf. þann 1. apríl 2019.

Orðalag samkeppnisákvæða verður ekki skýrt rýmra en leiðir af orðanna hljóðan, og allan vafa þar um ber að skýra stefnda í hag. Að mati dómsins verða ákvæði 2.7.2 ekki skilin með þeim hætti að það eitt að stofna félag sé brot gegn ákvæðinu, heldur þurfi starfsemi að hefjast, og að starfsemin hafi getað skaðað samkeppnisstöðu stefnanda. Með sama hætti, hafi það verið skilningur stefnanda að stefndi bæri sönnunarbyrði fyrir því að hann hefði ekki hafið starfsemi, hefði það þurft að koma skýrt fram í samningum. Óskráðar reglur vinnuréttarins um trúnað geta ekki, gegn ákvæði 2.7.2, leitt til víðtækari túlkunar á þann veg að stofnun félagsins Arango ehf. sé brot á starfslokasamningi.

Stefnandi skoraði á stefnda að leggja fram virðisaukaskattsskýrslur og reikninga vegna seldrar þjónustu Arango ehf., frá stofnun félagsins og til loka ágústmánaðar 2019. Stefnandi varð við þeirri áskorun með því að leggja fram skjal frá Virtus bókhaldsþjónustu, þar sem staðfest er að fyrstu reikningar Arango ehf. hafi verið gefnir út í júní 2019, samtals 12 reikningar að fjárhæð 6 milljónir króna auk vsk., allir dagsettir 30. júní 2019. Stefnandi hefði samkvæmt tímaskýrslum unnið samtals 57,7 klst., þar af 56,5 klst. fyrir Nox Medical, og námu tekjur Arango ehf. af þeirri vinnu stefnda samtals [...] krónum auk vsk. Þorkell Guðjónsson, einn eigenda Virtus, staðfesti framangreint fyrir dómi, og

að allir reikningarnir hefðu verið vegna vinnuframlags starfsmanna í júní 2019, en sú tímaskráning liggur þó ekki fyrir í málinu. Starfsemi Arango ehf. og þar með stefnda telst því hafa hafist einhvern tímann í júní 2019.

Að jafnaði stæði það stefnanda nær að sanna að starfsemi stefnda gæti skaðað samkeppnisstöðu hans. Að mati dómsins ber hins vegar að túlka ákvæði 2.7.2 með þeim hætti, vegna orðalagsins „þar með talið“, að starfsemi stefnda, sem óumdeilt er á sviði sambærilegra hugbúnaðarlausna og stefnandi stundar þróun á, hafi getað skaðað samkeppnisstöðu stefnanda.

Samkvæmt ákvæði 2.7.4 í starfslokasamningi skal stefndi greiða stefnanda ígildi sex mánaðarlauna fyrir hvert 30 daga tímabil sem brotin standa yfir. Óvíst er hvort starfsemi stefnda hafi staðið í fulla 30 daga með hliðsjón af fyrrgreindum vinnustundum hans, og er ákvæðið ekki skýrt um það hvernig með skuli fara, hafi starfsemin ekki náð 30 dögum. Óljóst er hvenær starfsemi stefnda hófst í júní 2019, eins og fram er komið, en það stóð stefnda nær að leggja fram þær upplýsingar, svo sem með framlagningu þeirra tímaskýrsla sem fyrr gat um. Þar sem þær liggja ekki fyrir, og það skýrðist ekki frekar við skýrslutökur fyrir dómi, verður við það að miða að starfsemi stefnda hafi staðið frá 1. júní til og með 30. júní 2019, eða 30 daga tímabil.

Ósannað er af hálfu stefnanda að stefndi hafi með einhverjum hætti brotið gegn almennum trúnaðar- og þagnarskyldum sem getur um í ákvæði 2.9 í starfslokasamningi, eða að hann hafi með öðrum hætti brotið gegn óskráðum reglum vinnuréttarins um trúnaðar- og þagnarskyldu. Þá er ósannað að stefndi hafi brotið gegn ákvæði 16. gr. c í lögum nr. 57/2005, sem nú hefur verið fellt á brott með 20. gr. laga nr. 131/2020. Jafnframt verður ekki séð að nefndar málsástæður hafi sjálfstæða þýðingu í málinu, enda er greiðslukrafa stefnanda byggð á ákvæði 2.7.4 í starfslokasamningi, sem getur aðeins átt við hafi verið brotið gegn sérgreindum samningsákvæðum í grein 2.7 í sama samningi.

Í 1. mgr. 37. gr. laga um samningsgerð nr. 7/1936 kemur fram að loford til varnar samkeppni sé eigi bindandi ef sú skuldbinding er víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerðir með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi.

Stefndi starfaði við starfslok sem forstjóri stefnanda, og hafði sem slíkur aðgang að mikilvægum trúnaðarupplýsingum auk tengsla við viðskiptavinum stefnanda. Stefndi var ráðinn til stefnanda á grundvelli þeirrar þekkingar sem hann hafði þegar áunnið sér, sem var forsenda ráðningar hans, og greiddi stefnandi verulegar fjárhæðir fyrir. Ákvæði 2.7.2 í starfslokasamningi, sbr. ákvæði 7.4, sem hér eru til skoðunar, og sambærileg

ákvæði í ráðningarsamningi, geta með hliðsjón af þessu ekki talist víðtækari en efni stóðu til um, eða skertu þau með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi stefnda. Þá hefur ekki verið sýnt fram á óheiðarleika, sem byggist á huglægri afstöðu aðila við samningsgerð, sbr. 33. laga nr. 7/1936.

Í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 7/1936 segir að hafi starfsmaður tekið á sig slíka skuldbindingu, sem getur um í 1. mgr., og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans er lokið, þá er sú skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann. Nefnd regla er ófrávíkjanleg, sbr. greinargerð með frumvarpi til samningslaga, og verður ekki skert með samningum aðila.

Óumdeilt er að stefnda var sagt upp störfum 28. desember 2017 og að gerður var við hann starfslokasamningur 15. janúar 2018. Með engum hætti kemur fram í þeim samningi eða öðrum gögnum málsins á hvaða forsendum stefnda var sagt upp, eða hvort stefndi hafi sjálfur gefið til þess nægilega ástæðu. Má helst ráða af aðilaskýrslu stefnanda fyrir dómi að stefndi hafi ekki verið talinn rétti aðilinn til þess að leiða alþjóðlegt fyrirtæki að þeirra mati. Að öðru leyti er ósannað að hálfu stefnanda að einhver þau skilyrði séu til staðar skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 7/1936, að skuldbindingar stefnda til varnar samkeppni hafi ekki fallið niður við frávíkningu hans. Af því leiðir að þær skuldbindingar stefnda til varnar samkeppni, sem fram koma í ráðningarsamningi 30. janúar 2017, grein 7, urðu ógildar þegar við frávíkningu hans 28. desember 2017.

Með vísan til framangreinds átti stefnandi enga kröfu til þess að nefndar skuldbindingar stefnda stæðu eftirleiðis, og óheimilt var að skerða niðurfellingu þeirra með öðrum samningi. Með heildstæðu mati, sérstaklega efni starfslokasamningsins frá 15. janúar 2018, þar sem vísað er beint til þeirra ákvæða sem ógild voru samkvæmt framangreindu, og þau tekin upp óbreytt, verður skuldbindingum stefnda til varnar samkeppni, í ákvæðum 2.7 og 2.7.1 – 2.7.4 í starfslokasamningi, vikið til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, enda ósanngjarnt að mati dómsins að bera þann hluta samningsins fyrir sig, og verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Hilmarsson, er sýkn af fjárkröfu stefnanda, Annötu ehf.

Stefnandi greiði stefnda 1.240.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson